

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 4. október 2023
Mnr. 2023080046



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - verðfyrirspurn vegna reksturs líkamsræktarstöðvar á Ísafirði

Þann 30. september 2023 féll úr gildi þriggja ára samningur Ísafjarðarbæjar við Ísófit ehf. um rekstur líkamsræktaraðstöðu á Ísafirði. Var því brýnt að ákveða næstu skref varðandi líkamsrækt á Ísafirði.

Á 1251. fundi bæjarráðs þann 21. ágúst 2023 var lagt fram minnisblað Örnú Láru Jónsdóttur, bæjarstjóra, þar sem óskað var eftir álitum bæjarráðs til málsins og hvernig líkamsræktarmálum á Ísafirði skyldi háttað til næstu ára. Í bókun bæjarráðs kom fram að auglýsa skyldi eftir rekstraraðilum til að reka líkamsræktarstöð á Ísafirði fyrir ýmsa markhópa sem og aðstöðu og umsjón líkamsræktarbúnaðar Ísafjarðarbæjar.

Gerð var verðfyrirspurn í september 2023 þar sem fram kom að bæjarráð myndi bera saman boðna þjónustu rekstraraðila og meta gæði hennar. Eftirfarandi þætti átti að meta:

- Lýsing á aðstöðu sem bjóðandi mun bjóða upp á (t.d. stærð og lýsing rýmis fyrir tæki Ísafjarðarbæjar, stærð og lýsing rýmist hópatíma, stærð og lýsing salernisaðstöðu og búningsaðstöðu, stærð og lýsing annarra aðstöðu ef til staðar.
- Lýsing á þjónustu sem bjóðandi ætlar að bjóða upp á (t.d. lýsing á þjónustu fyrir mismunandi markhópa, hvers konar þjónustu/aðstaða/tímar, önnur þjónusta ef til staðar).
- Hæfni og reynsla (hæfni og reynsla starfsfólks við þjálfun og störf, menntun/réttindi til þjálfunar líkamsræktar, reynsla við rekstur líkamsræktarstöðvar).
- Aðgengi íbúa á þjónustu (t.d. aðgengi fyrir fatlaða, lengd opnunartíma, annað aðgengi).

Skilafrestur var til 2. október og sótti einn aðili gögnin og gerði tilboð sem var Ísófit ehf. sem rekur Stöðina líkamsrækt. Bauð fyrirtækið kr.15.120.000.- fyrir að veita þjónustuna á tímabilinu 1. október 2023 til 30. september 2026. Ísófit ehf. uppfyllir allar þær kröfur sem Ísafjarðarbær fór fram á í verðfyrirspurninni.

Sviðsstjóri óskar eftir afstöðu bæjarráðs til tilboðs Ísófit ehf. um rekstur líkamsræktarstöðvar á Ísafirði og geymslu og umsjón með líkamsræktartækjum í eigu Ísafjarðarbæjar.